

AÐ VATNSLITA

Verkfæri sem ég þarf:
Vatnslitapappír og
málningalímband eða
vatnslitapappír í blokk. Ílát með
vatni, vatnslitapensill og vatnslitir.



1. Límdu pappírinn á borð eða á spjald. Einnig er hægt að vera með vatnslitablokkir en þá er pappírinn fastur í. Þetta er gert til þess að pappírinn verpist (bogni) ekki þegar hann blotnar og þornar aftur. Hann þornar þá strekktur og helst þannig.

2. Vatnslitapenslar eru bjöllulaga. Þeir geta tekið í sig meira vatn en aðrir penslar.




3. Það er gott að kaupa góða vatnsliti, þeir duga betur og gefa betri lit. Þú dýfir penslinum í vatn, síðan í lit og málar á blað



4. Prófaðu ólíkar aðferðir

- Málaðu beint með vatnslit á blað
- Teiknaðu fyrst með blýanti eða penna og málaðu svo
- Stráðu grófu og fínu salti yfir blauta málningu, láttu þorna og dustaðu svo af
- Skvettu litnum á blaðið og blástu á dropa
- Láttu litinn leka



5. Þegar málningin er þurr, taktu límbandið af, þá er fallegur hvítur rammi í kringum myndina.